

Skólaráð Hofsstaðaskóla 2023-2024

Skólaráð var skipað í september 2023. Báðir fulltrúar nemenda sitja í ráðinu annað ár í röð. Annar fulltrúi foreldra situr annað ár í röð og hinna sitt fyrsta. Fulltrúar kennara og starfsmanna sátu áfram. Fulltrúi grenndarsamfélags hefur setið í ráðinu í fjögur ár.

Ráðið skipuðu:

- Sigrún Halldórsdóttir og Kristjana Steingrímsdóttir foreldrar
- Elísabet Benediktsdóttir og Jökull Orri Birnisson nemendur í 7. bekk.
- Hildur Birkisdóttir og Rósa Björk Guðnadóttir kennarar
- Kristín Ösp Sigurðardóttir stuðningsfulltrúi og fulltrúi starfsmanna
- Krístrún Sigurðardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
- Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir, skólastjórar.
- Varamenn starfsmanna: Hrönn Kjærnested og Elín Dóra Sigurðardóttir.
- Varamenn nemenda: Brynjar Þór Björnsson og Gunnar Áki Blöndal Haraldsson úr 7. bekk

Skólaráðið fundaði formlega fjórum sinnum yfir skólaárið. 12. október, 27. nóvember, 4. mars, og 27. maí. Nokkur erindi voru kynnt og yfirfarin með tölvupósti.

Skólaráð fjallaði um: starfsreglur skólaráðs 2023-2024 og starfsáætlun ráðsins, starfsáætlun Hofsstaðaskóla, umbótaáætlun ytra mats, skólastarf á haustönn, skóladagatal 2024-2025 og 2025-2026, skólareglur, fjárhagsáætlun skólans, samskiptasáttmála, þróunarverkefni m.a. leiðsagnarnám og nemendastýrð foreldrasamtöl. Húsnæðismál, breytingar á opnun frístundaheimilis, bænaskjal Grunnstoða, skólapúlssinn nemendakönnun og niðurstöður Rannsókna og greiningar úr *Ungt fólk*. Ýmis erindi frá nemendum og önnur mál. Nemendur eru ánægðir með úrbætur í húsnæðismálum, Vífilsstaðaverkefnið, Vatnaskógarferð og margt annað. Foreldrar tóku upp erindi úr foreldrahópnum s.s. umferð stórra ökutækja við skólann, tímasetningu skipulagsdaga seint í hverjum mánuði. Þeir voru ánægðir með úrbætur í húsnæðismálum og skólabyrjunina. Samstarf við nemendur og foreldra hefur verið mjög gott og gefandi.

Starfsáætlun ráðsins stóðs í megin dráttum en fundir voru einum færri en ætlað var.

Skólastjóri